

Alþingi
Erindi nr. P 143/1673
komudagur 26.4.2014

Til nefndarsviðs Alþingis

Reykjavík, 25. apríl 2014
USK2014040065

Efni:

Athugasemdir Reykjavíkurborgar við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun

Meðfylgjandi eru athugasemdir og ábendingar Reykjavíkurborgar við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun. Í ljósi þess að fyrirvari er stuttur er umsögnin send beint til alþingis að ósk borgarráðs. Fyrirvari er gerður um frekari athugasemdir borgarráðs Reykjavíkur.

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013-2016.
bingskjal 855 - 495. mál.

Athugasemdir snúa fyrst og fremst að lið 1.2 Stofn og tengivegir. Reykjavíkurborg er þar hluti af Suðursvæði II.

Heildarframlög til stofn- og tengivega og jarðganga á þriggja ára tímabili 2014 til 2016 er 27.895 mkr. Þar af fara til Reykjavíkurborgar innan við 1.800 mkr. Það er innan við 6.5% sem er ekki í neinu samræmi við íbúafjölda og samgöngur í borginni.

Í þéttbýli verður að huga að öllum samgöngumátum, bílaumferð, almenningsamgöngum, hjólandi og gangandi umferð. Tækifæri er til að hækka framlög til umferðarstýringar, umferðaröryggis, hjóla - og göngustíga, göngubrúa og undirganga í Reykjavík til að jafna misvægi fjárframlaga til Reykjavíkur. Á gatnamótum á þjóðvegum í Reykjavík eru umferðaróhöpp og slysum flest. Tækifæri er til að fækka óhöppum og slysum og laga þjóðvegaumferð að borgarumhverfi með lækkuðum hraða þar sem byggð er þéttust án þess að flutningsgeta gatnakerfisins minnki. Hóflegur hraði og virkt hraðaeftirlit er mikilvægt til að auka umferðaröryggi og koma í veg fyrir háaskaakstur.

Einnig er tækifæri er til að auka fjárframlög í verkefnið til eflingar almenningsamganga á Höfuðborgarsvæðinu, sem hefur komið sér vel.

Mikilvægt er að viðhald á þjóðvegum í Reykjavík sé fullnægjandi og rekstur með háu þjónustustigi. Um borgina fara fjölförnuðu þjóðvegir landsins. Í samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022 eru sett markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Það er einnig markmið Reykjavíkurborgar að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum samgangna svo sem hávaða og loftmengun. Á þessu ári var lögð fram aðgerðaráætlun Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar 2013-2018 gegn hávaða. Fjármuni til

að framfylgja áætluninni vantar í samgönguáætlun.

Reykjavíkurborg hefur haft forystu um orkuskipti í samgöngum og innleiðingu á nýtingu innlendrar orku bæði metan og raforku. Samvinna orkufyrirtækja, sveitarfélaga og ríkisins er mikilvæg. Í samgönguáætlun væri eðlilegt að ávarpa það verkefni.

Í kjölfarið á endurskoðun vegalaga nr. 80/2007 var hluti þjóðvegakerfisins fluttur án samráðs yfir til sveitarfélaga til viðhalds, reksturs og endurgerðar ef þarf. Niðurstaða um þann flutning er enn ekki fengin og hafa sveitarfélögin ekki tekið við vegunum. Mikilvægt er að ljúka því máli og veita fjármunum í verkefnið til að ná niðurstöðu.

Ólafur Bjarnason
samgöngustjóri

Afrit:
Borgarráð